

90. Bjarni Benediktsson (Huvudinlægg)

Herra forseti, kærur vinir. Mig langar að byrja á því að þakka landsdeild Noregs í Norðurlandaráði fyrir sérstaklega góðar móttökur hér í Ósló. Það er mér sönn ánægja að vera hér Ósló í fyrsta sinn sem utanríkisráðherra og taka þátt í Norðurlandaráðsþingi 2023, hafa tækifæri til að hitta norrænt samstarfsfólk og festa frekar í sessi þá djúpu vináttu og það traust sem norrænt samstarf byggir á.

Mér er heiður að því að fá að flytja hér skýrslu um samstarf norrænu utanríkisráðherranna á formennskuári Íslands. Á þeim tíma hafa Norðurlöndin viðhaldið sínu góða og tíða samráði á sviði utanríkismála.

Innrásarstríð Rússlands í Úkraínu og víðtæk áhrif þess á alþjóðavettvangi hefur verið okkar helsta viðfangsefni undanfarin misseri. Norðurlöndin hafa lagt sig fram við að styðja dyggilega við varnarbaráttu Úkraínu og tekið þátt í samstöðuaðgerðum gagnvart Rússlandi. Barátta Úkraínu snýst ekki eingöngu um úkraínsk land og þjóð heldur öryggi Evrópu, virðingu fyrir þjóðarrétti, landamærum og landhelgi, seiglu alþjóðakerfisins og þeirra hugsjóna og gilda sem liggja því til grundvallar.

Þau straumhvörf sem innrásin olli endurspegluðust í ákvörðun Finnlands og Svíþjóðar að sækja um aðild að Atlantshafsbandalaginu. Það var stór stund í Norðurlandafjölskyldunni þegar fáni Finnlands sem aðildarríkis var dreginn að húni í fyrsta skipti í höfuðstöðvum bandalagsins og nú hillir undir inngöngu Svíþjóðar. Sem aðildarríki munu Finnland og Svíþjóð auka mátt bandalagsins til að tryggja öryggi í álfunni og gera samstarf Norðurlandanna enn nánara. Við vonumst sannarlega til þess að á 75 ára afmælisfundi bandalagsins í Washington næsta sumar verði fimm norræn aðildarríki við

borðið.

Áhrif stríðsins í Úkraínu hafa náð langt út fyrir Evrópu með sveiflum á orkuverði, korni og áburði, sem bitnar verst á fátækustu ríkjunum og grefur undan stöðugleika. Norðurlöndin hafa einsett sér að vinna saman að því að efla og treysta samskipti við ríki sem finnast þau ekki fá hljómgrunn innan alþjóðastofnana og var nýafstaðinn fundur Norðurlandanna og fjölmargra Afríkuríkja í Alsír liður í því.

Hver eyrir í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð hrekkur nú skemur á tímum þar sem fleiri en nokkru sinni þurfa á hjálp að halda. Stríðið hefur einnig afhjúpað mikilvægi orkuöryggis og aðgengis að endurnýjanlegum orkugjöfum og þar eru Norðurlöndin í fararbroddi. Við berum ríka ábyrgð á sjálfbærni og stöðugleika á norðurslóðum þar sem loftslagsbreytingar birtast okkur hvað skýrast með tilheyrandi áhrifum á náttúru, lífskjör og öryggi heimsbyggðarinnar allrar.

Norðurlöndin eiga ríkt samráð um vaxandi mannúðarkrísur og óstöðugleika í heiminum. Meðal annars höfum við öll reynt að bregðast við þeirri neyð sem hefur skapast meðal almennra borgara í Afganistan án þess að styðja með beinum eða óbeinum hætti við stjórn talíbana sem farið hefur fram með nokkurs konar aðskilnaðarstefnu á grundvelli kyns.

Átökin sem brotist hafa út fyrir botni Miðjarðarhafs eru þau alvarlegustu í áraraðir. Hrottalegar hryðjuverkaárásir Hamas á Ísrael hafa vakið óhug og Norðurlöndin hafa sýnt Ísrael samhug og ítrekað rétt þeirra til sjálfsvarnar á sama tíma og þau hafa lagt áherslu á að farið sé að alþjóðalögum skilyrðislaust, vernd óbreyttra borgara verði tryggð og kallað eftir því að tafarlaust mannúðarhlé verði gert á átökunum til að auðvelda aðgengi fyrir lífsbjargandi mannúðaraðstoð. Þá þarf að huga strax að varanlegri pólitískri lausn sem felst í því að tvö ríki fái lífað í samlyndi á svæðinu eins og gert var ráð fyrir í upphafi.

Við höfum ekki farið varhluta af spennu á alþjóðasvæðinu. Þar kristallast sýn á alþjóðalög og reglur í alþjóðaviðskiptum, grundvallarmannréttindi og frelsi. Flest eigum við gott samstarf við Kína og við erum sammála um að

þræða einstigið sem í því felst að gera kröfu um að öll ríki, stór og smá, standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Við leitum samstarfs um lausnir á stærstu áskorunum alþjóðasamfélagsins en verjum okkur einnig fyrir mögulegum áföllum og ógnum. Við erum þakklát fyrir góð lífsskilyrði, frelsi og mannréttindi sem við á Norðurlöndunum búum við. Þau hafa hins vegar ekki orðið til af sjálfu sér. Við höfum unnið að þeim hörðum höndum og munum áfram gera það til að varðveita þau verðmæti sem í þeim felast.

Í ljósi reynslunnar, kæru vinir, geta Norðurlöndin reynst góðir brúarsmiðir meðal þjóða heims og við höfum sammælt um að leggja okkar lóð á vogarskálarnar í þeim efnum. Samstarf okkar á alþjóðavettvangi er ómetanlegt, sérstaklega á óvissutímum.

Skandinavisk oversettelse

Hr. præsident, kære venner. Jeg vil gerne begynde med at takke Norges delegation i Nordisk Råd for en særlig fin modtagelse her i Oslo. Det er mig en sand fornøjelse at være her i Oslo for første gang som udenrigsminister og deltage i Nordisk Råds session 2023, at have mulighed for at træffe nordiske kolleger og yderligere forstærke det dybe venskab og den tillid, som det nordiske samarbejde bygger på.

Det er mig en ære at få lejlighed til at præsentere en redegørelse om de nordiske udenrigsministres samarbejde under Islands formandskabsperiode. I denne periode har de nordiske lande bibeholdt deres gode og hyppige samråd på det udenrigspolitiske område.

Ruslands invasionskrig i Ukraine og dennes vidtrækkende effekt internationalt har været vores vigtigste udfordring i det forløbne år. De nordiske lande har gjort deres bedste for at give en helhjertet støtte til Ukraines forsvarskamp og deltaget i solidaritetsaktioner mod Rusland. Ukraines kamp handler ikke blot om det ukrainske land og dets folk, men om Europas sikkerhed, respekt for folkeretten, landegrænser og territorialfarvande, Det Internationale Systems resiliens og de idealer og værdier, der ligger til grund for det.

Det paradigmeskift, der skete på grund af invasionen, kom til udtryk i Finlands og Sveriges beslutning om at søge om medlemskab af NATO. Det var et stort øjeblik i den nordiske familie, da Finlands flag som nyt medlem blev hejst for første gang i alliancens hovedkvarter, og nu kan vi ane Sveriges indtræden. Som medlemsstater vil Finland og Sverige øge alliancens styrke til at sikre sikkerhed i Europa og udbygge de nordiske landes samarbejde yderligere. Vi håber på, at der til alliancens 75-års jubilæum i Washington til sommer vil sidde fem nordiske medlemsstater med ved bordet.

Krigen i Ukraine har haft konsekvenser langt ud over Europa med svingende priser på energi, korn og gødning, hvilket går værst ud over de fattigste lande og undergraver stabiliteten. De nordiske lande har sat sig for at arbejde sammen om at styrke og konsolidere deres forhold til stater, som ikke mener sig hørt hos internationale institutioner, og som led i dette blev der for nyligt holdt et møde i Algeriet mellem de nordiske lande og flere Afrikastater.

Enhver øre i udviklingssamarbejdet og humanitær bistand rækker kortere i en tid, hvor flere har brug for hjælp end nogensinde før. Krigen har også afsløret vigtigheden af energiforsyningsikkerhed og adgang til fornybare energikilder, hvor de nordiske lande går forrest. Vi har et stort ansvar for bæredygtighed og stabilitet i Arktis, hvor klimændringerne er mest tydelige og påvirker naturen, levevilkår og den globale sikkerhed.

De nordiske lande har en tæt dialog om voksende humanitære kriser og ustabilitet i verden. Vi har f.eks. alle sammen forsøgt at reagere på den nød, der er opstået blandt civilbefolkningen i Afghanistan, uden at yde hverken en direkte eller indirekte støtte til talebanstyret, der er stået frem med en form for kønsbaseret apartheid.

Den konflikt, der er brudt ud i Mellemøsten, er den mest alvorlige i flere årtier. Hamas' brutale terrorangreb på Israel har skabt uhygge og de nordiske lande har udtrykt medfølelse med Israel og understreget deres ret til selvforsvar og samtidig lagt vægt på, at man følger internationale konventioner betingelsesløst, at man sikrer en beskyttelse af civile og har

krævet øjeblikkelig humanitær våbenhvile for at lette adgangen til livsvigtig humanitær bistand. Derudover må man tænke på en varig politisk løsning, som består i, at to stater kan leve sammen i fordragelighed i regionen, lige som det var tænkt i begyndelsen.

Vi har ikke undgået en spænding på den internationale arena. Der krystalliseres et syn på folkeretten og regler i international handel, grundlæggende menneskerettigheder og frihed. De fleste af os har et godt samarbejde med Kina, og vi er enige om en balancegang, hvor vi stiller krav om, at alle lande, både store og små, lever op til deres internationale forpligtelser. Vi søger samarbejde om løsninger på det internationale samfunds største udfordringer, samtidig med at vi værner os mod mulige katastrofer og trusler. Vi er taknemmelige for de gode livsvilkår, den frihed og de menneskerettigheder, som vi har i Norden. Men de er ikke opstået af sig selv. Vi har arbejdet hårdt for dem, og det vil vi fortsat gøre for at værne om de værdier, som de er et udtryk for.

I lyset af erfaringerne, kære venner, kan Norden vise sig at være en god brobygger mellem verdens lande, og vi har aftalt at lægge vores lod i vægtskålen, hvad dette angår. Vores samarbejde på den internationale scene er uvurderligt, især i usikre tider.

Upplýsingar

Ræðunúmer

90

Gerð

Huvudinlägg

Notandi

[Bjarni Benediktsson](#)

Staða

Waiting for transcription

Dagsetning

01.11.23 09:04